



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur 9. nóvember 2015 – símafundur kl. 11.00

Mættir eru: Ása Valdís Árnadóttir, Þórður Freyr Sigurðsson, Magnús Bragason, Sigurlaug Gissurardóttir, Gunnar Þorgeirsson, Margrét Runólfsdóttir, Dagný Hulda Jóhannsdóttir og Valgerður Pálsdóttir sem ritar fundargerð.

Verkefni sl. mánaðar

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni síðasta mánaðar.

Ferðamálastefna/staða samninga

- Fundir ráðuneytisins vegna kynningar á nýrri ferðamálastefnu hafa verið haldnir á Suðurlandi, bæði á Selfossi og á Hvolsvelli. Næsti fundur er áætlaður á Höfn 2. desember. Mörg verkefni sem bíða nýrri stjórnstöð ferðamála og hefur framkvæmdastjóri ásamt forsvarsmönnum Markaðsstofa Landshlutanna setið fund með nýjum framkvæmdastjóra hennar. Annar fundur hefur verið boðaður.
- Nýir samningar fyrir 2016 liggja ekki fyrir, en upplýsingar þess efnis að gera má ráð fyrir sama fjármagni 2016 og var 2015. Tekið verður tillit til þess við áætlunargerð fyrir næsta ár.

MAS samstarf

- Heimasíða Markaðsstofa landshlutanna komin í loftið www.markadsstofur.is
- Mannamót verður haldið 21. janúar 2016 og er undirbúningur kominn á fullt.
- Skráningar hafnar á www.markadsstofur.is
- Ýmis samstarfsverkefni og hagsmunamál í undirbúningi og vinnslu

Innri markaðssetning

- [Heimasíða](#), [FB](#) síða og fréttabréf – þrír virkir miðlar til að miðla upplýsingum um starfsemina. Stöðug aukning heimsóknna á heimasíðuna.
- Fulltrúum MSS var boðið í kynningarferð um Uppsveitirnar, áttum upplýsandi og góðan dag með ferðabjónustuaðilum á því svæði.
- Kynningarbæklingur um Markaðsstofuna í vinnslu.
- „Markaðsstofan í tölum“ (e. Infographic) einnig í vinnslu

Sýningar/ráðstefnur

- Framkvæmdastjóri sótti ferðamálaþing á Akureyri, þar sem voru mörg góð erindi um stöðu ferðamála í dag.
- Framkvæmdastjóri tók þátt í World Travel Market í London með Íslandsstofu, góð sýning, margir ferðasalar frá ýmsum mörkuðum komu og kynntu sér Ísland sem áfangastað sem og Suðurlandið. Mjög margir að sýna Íslandi áhuga og svo virðist sem að Ísland sé komið inn á kortið á nýjum mörkuðum.

Aðrir fundir

- Höfum átt nokkra góða fundi með bæði sveitarfélögum og fyrirtækjum á tímabilinu.
- MSS hefur átt fundi er varða nýsköpun á svæðinu á tímabilinu.

Markaðsgreining

- Fyrsta fundi verkefnastjórnar lokið og er verið að velja framkvæmdaraðila. Fundur með hugsanlegum framkvæmdaraðila bókaður í þessari viku.

Önnur verkefni

- Samfélagsmiðlar – höfum verið að fá mjög góða dreifingu á samfélagsmiðlum.
- Vefurinn í stöðugri uppfærslu, sett í verkferla að nota ca. 2-3 daga fasta daga í mánuði eingöngu í uppfærslur á honum. Nýjar myndir keyptar til að endurnýja úrval af vetrarmyndum.
- Fjölmiðlafyrirspurnir – fjölmargar á tímabilinu (BBC meðal annarra). Nýir möguleikar með nýjum gagnagrunni Íslandsstofu sem greinir fjölmiðla fyrirspurnir enn frekar.
- Endurprentun á Landshlutakorti – nýju landshlutakortið hefur verið tekið mjög vel og upplýsingamiðstöðvar ánægðar með uppsetninguna á því.
- Ósk um endurnýjun samninga send á 4 sveitarfélög – Svar borist frá 2 sveitarfélögum. Framkvæmdarstjóra og fulltrúa stjórnar MSS er falið að ræða við bæjarráð sveitarfélaganna vegna endurnýjunar á samstarfssamningum.

Verkefnin framundan

- Kynningarbæklingur MSS
- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016
- Markaðsgreining í áframhaldandi farvegi.
- Fundir með aðilum MSS – þó nokkuð um að aðilar séu að óska eftir fundum er varða markaðsetningu.
- Velja þarf þær ferðasýningar sem MSS mun taka þátt í á næsta ári.
- MAS samstarf
- Undirbúningur MANNAMÓTA fer á fullt.
- Kanna möguleika varðandi flugrútu á Suðurland – Framkvæmdarstjóra falið að bóka fund með aðilum á svæðunum.

Önnur mál

- Uppskeruhátíð Markaðsstofu Suðurlands verður að öllum líkindum haldin í febrúar.

Næsti fundur 1. desember kl. 11:00 – símafundur

Fundi slitið kl 12:05